

88. ársþing USÚ – tillögur - drög

Tillaga 1 – Frá stjórn USÚ

88. ársþing USÚ, haldið í Mánagarði í Nesjum, 1. júní 2021, samþykkir að nefnd sem skipuð var í kjölfar síðasta ársþings, til þess að vinna að tillögu að nýrri reglugerð að útteilingu lottós, fái endurnýjað umboð til sinna starfa. Nefndin er skipuð einum fulltrúa frá hverju þeirra félaga sem átti aðild fyrir 87. ársþing USÚ, auk þess sem stjórn USÚ hefur settið fundi nefndarinnar.

Greinargerð:

Vegna samkomutakmarkana hefur ekki gengið sem best að koma nefndinni saman, en það hefur þó tekist tvisvar sem í bæði skiptin urðu ágætir fundir. Stjórn USÚ óskar því eftir að nefndin fái endurnýjað umboð og unnt verði að leggja fram nýja reglugerð um skiptingu lottótekna eigi síðar en á ársþingi 2022.

Tillaga 2 – Frá stjórn USÚ

88. ársþing Ungmennasambandsins Úlflijóts, haldið í Mánagarði í Nesjum, 1. júní 2021, hvetur ungmennafélaga til að fjölmenna á 23. Unglingalandsmót UMFÍ, sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina og á 10. Landsmót UMFÍ 50+, sem haldið verður á/í Borgarnesi 27.-29. ágúst. Þingið hvetur ungmennafélaga einnig til þess að taka þátt í almenningsíþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.